



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 51/2012

## **Vélaþjónustan Hálstak.is og lénið halstak.is**

### **I.**

#### **Erindið**

Með tölvubréfum Háls-taks ehf., dags. 6. og 12. október 2011, barst Neytendastofu kvörtun vegna notkunar Tryggva Vals Sæmundssonar á firmanafninu Hálstak og léninu halstak.is.

Í erindi Háls-taks kemur fram að kvartað sé undan notkun annars verktakafyrirtækis á heitinu Hálstak. Notkunin valdi ruglingi við kynningu á rekstri Háls-taks.

Fyrirtækið heiti Háls-tak og hafi verið stofnað í desember 2005. Þegar stofnandi fyrirtækisins hafi fundið fyrir því að notkun Tryggva á nafninu Hálstak hafi verið farin að valda ruglingi hafi verið haft samband við Tryggva og beðið hann að finna annað nafn á fyrirtæki sitt en hann hafi ekki orðið við því. Þar sem fyrirtækið Háls-tak hafi verið stofnað á undan eigi Tryggvi ekki rétt á að nota orðið Hálstak. Sé þess farið á leit við Neytendastofu að stöðva notkun Tryggva á heitinu og léninu.

### **II.**

#### **Málsmeðferð**

#### **1.**

Erindi Háls-taks var sent Tryggva Vali Sæmundssyni til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 13. október 2011. Í bréfi Neytendastofu kemur fram að ekki hafi verið vísað til ákvæða laga í erindinu en að mati Neytendastofu komi 5. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, til skoðunar.



Svar Tryggva Vals, f.h. Vélafjónustunnar Hálstaks.is, barst Neytendastofu með tölvubréfi, dags. 24. október 2011. Í bréfinu kemur fram að lénið halstak.is hafi fengist skráð í júní 2008. Á vefsíðunni sé auglýst þjónusta sem ábúendur á Hálssum í Skorradal í Borgarfirði bjóða uppá. Þá sé rekin vélafjónusta á nafni og kennitölu Tryggva Vals Sæmundssonar.

Sumarið 2011, hafi borist tölvupóstur frá forsvarsmanni Háls-tak þar sem farið hafi verið fram á að látið yrði af notkun á heitinu Hálstak. Í kjölfarið hafi forsvarsmanni Háls-taks verið bent á að fyrirtækið hétí Vélafjónustan Hálstak.is og væri öll starfsemi kynnt á heimasíðunni halstak.is, m.a. vélafjónustan, Trésmiðja Pálma Ingólfssonar á Hálssum, sumarbústaðahverfið Hálsaskógar og fleira sem tengdist ábúendum á Hálssum í Skorradal.

Starfsemin hafi í upphafi gengið undir nafninu Vélafjónustan Hálstak.is, eða allt frá árinu 2005, án þess að nákvæm tímasetning liggi fyrir enda starfsemin með smáu sniði til að byrja með. Árið 2008, hafi lénið halstak.is verið skráð. Gengið hafi verið úr skugga um að ekkert félag eða fyrirtæki væri skráð með nafninu Hálstak eða Hálstak.is hjá ríkisskattstjóra. Því hafi verið talið heimilt að skrá lénið og hafi það verið gert í góðri trú.

Þess beri að geta að fyrirtækinu berast mjög fá símtöl þar sem leitað sé eftir þjónustu Háls-taks ehf. en í þeim tilvikum hafi að sjálfsögðu verið bent á Háls-tak.

Öll tæki og búnaður fyrirtækisins hafi til nokkurra ára verið merktur halstak.is og sé þess vegna um gríðarlega mikið hagsmunamál að ræða fyrir fyrirtækið að halda léninu halstak.is. Auk þess hafi fyrirtækið verið kynnt og markaðssett á heimasíðunni. Þá hafi fyrirtækið verið með virðisaukaskattsnúmer frá árinu 2006.

Samkvæmt upplýsingum sem sé að finna á vef ríkisskattstjóra sé Háls-tak fyrirtæki sem sé með þjónustustarfsemi við ræktun nýttjajurta en starfsemi Hálstak.is sé flokkað sem leiga á öðrum ótöldum vélum og búnaði og því megi tæplega gera ráð fyrir að hægt sé að ruglast á fyrirtækjunum þannig að annað bera skaða af. Sé því vart hægt að vísa til þess að fyrirtækin séu keppinautar. Eigi því 15. gr. a. laga nr. 57/2005 ekki við í málinu.

Ekki hafi verið ljóst fyrr en sumarið 2010, að til væri starfsemi sem nefndist Háls-tak. Þá hafi Vélafjónustan Hálstak.is markvisst í tvö ár markaðssett fyrirtækið á léninu halstak.is. Auk þess hafi fyrirtækið til nokkurra ára notað netfangið halstak@halstak.is. Léti fyrirtækið af notkun á léninu væri ljóst að starfsemin yrði fyrir miklum skaða og erfitt væri að byggja aftur þá viðskiptavild sem aflað hafi verið á undanförunum árum.

Í ljósi ofangreinds, þ.e. aðallega þess að bæði fyrirtækin hafi starfað frá svipuðum tíma og á ólíkum sviðum, telji Vélafjónustan Hálstak.is að fyrirtækinu sé fyllilega stætt á að halda áfram



notkun á léninu halstak.is og að fyrirtækið hafi í það minnsta jafn góðan rétt á notkun þess, ef ekki betri. Þá verði ekki talið að skráning firmaheitisins veiti Háls-tak ehf. einkarétt á sambærilegum lénnum enda eina skilyrði þess að fá úthlutað léni að það sé laust til úthlutunar. Alfarið sé því einnig hafnað að nokkur tilraun hafi verið gerð til að viðhafa ólögmeta viðskiptahætti í skilningi laga nr. 57/2005 með skráningu lénsins enda sé lénið bein tilvísun til þess staðar þar sem forsvarsmáður fyrirtækisins býr og hafi ekkert með fyrirtækið Háls-tak að gera.

## 2.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 28. október 2011, var Háls-taki sent afrit af bréfi Véláþjónustunnar Hálstak.is. Svar Háls-taks barst Neytendastofu með tölvubréfi, dags. 3. nóvember 2011. Í bréfi Háls-taks kemur fram að ítrekaðar séu fyrri óskir um að látið verði af notkun á heitinu.

## 3.

Með bréfum Neytendastofu til aðila málsins, dags. 11. nóvember 2011, var tilkynnt að gagnaöflun í málinu væri lokið. Með bréfinu fylgdi listi yfir gögn málsins.

## 4.

Með bréfum Neytendastofu, dags. 14. mars. 2012. var aðilum málsins tilkynnt að vegna mikill anna hjá Neytendastofu væru fyrirsjáanlegar tafir á afgreiðslu málsins.

## 5.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 26. júní 2012, var óskað eftir nánari skýringum við tölvubréf Háls-taks, dags. 6. október 2011. Í tölvubréfinu kom fram að Háls-tak starfi sem verktakafyrirtæki og óskaði Neytendastofa skýringa á því í hverju sú verktakastarfsemi fælist. Svar barst með tölvubréfi, dags. 19. júlí 2012, þar sem meðfylgjandi var vottorð frá fyrirtækjaskrá um stofnun félagsins árið 2005. Í vottorðinu kemur fram að tilgangur félagsins sé almenn verktakastarfsemi, gröfu- og jarðvegsvinna, flutningastarfsemi og annað sem því tengist. Eignarhald, rekstur og útleiga áhald, bifreiða, tækja og véla. Önnur verslunar- og þjónustustarfsemi. Innflutningur. Útflutningur. Ræktun. Bygginga- og mannvirkjagerð. Eignarhald og þátttaka í rekstri annarra félaga svo og lánastarfsemi. Fram kom að Ísat flokkun félagsins væri 45.50.0 Leiga á vinnuvélum með stjórnanda.

## 6.

Með tölvubréfi, dags. 23. júlí 2012, óskaði Neytendastofa eftir enn frekari upplýsingum og var þá sérstaklega vísað til undirsíðu á heimasíðunni hals.is sem bærir heitið Hálstak en engar upplýsingar kæmu fram þar. Óskaði stofnunin því eftir skýringum á því hvort félagið væri aðallega í annarri starfsemi en fram kæmi í framangreindu vottorði fyrirtækjaskrár, eins og



heimasíða þess bæri með sér. Þá var jafnframt óskað eftir frekar gögnum sem sýndu fram á hvenær starfsemi hófst. Svar barst með tölvubréfi, dags. 23. júlí 2012, þar sem fram kom að félagið stundaði verktakastarfsemi fyrir sumarhúsaeigendur, bændur, sveitarfélagið, vegagerðina o.fl. Engin frekar gögn fylgdu svarinu en vísað var til þess að viðeigandi tilkynningar ættu að vera til hjá Fyrirtækjaskrá.

#### 7.

Með bréfi, dags. 6. september 2012, sendi Neytendastofa Vélafjónustunni Hálstak.is afrit af svari Háls-taks. Svar Tryggva Vals f.h. Vélafjónustunnar Hálstaks.is barst Neytendastofu með tölvubréfi, dags. 10. september 2012. Í bréfinu voru ítrekuð fyrri rök auk þess sem vísað var sérstaklega til þess að Ísat skráning Háls-taks væri ekki sú sama í vottorði frá fyrirtækjaskrá frá 2005 og kæmi fram nú á heimasíðu Fyrirtækjaskrár hjá Ríkisskattstjóra. Þegar félagið var skráð árið 2005 hafi það verið skráð í flokkinn 45.5.0, leiga á vinnuvélum með stjórnanda en sé nú skráð í flokkinn 01.61.0, þjónustustarfsemi við ræktun nytjajurta.

#### 8.

Í kjölfar svars Vélafjónustunnar Hálstak.is óskaði Neytendastofa eftir upplýsingum frá Fyrirtækjaskrá varðandi misræmi í skráningu atvinnuflokkunar Háls-taks. Með tölvubréfi, dags. 11. september 2012, barst Neytendastofu afrit af tölvubréfi, dags. 16. nóvember 2011, sem Lárus Pétursson hafði sent Fyrirtækjaskrá f.h. Háls-taks. Í tölvubréfinu kemur fram að félagið hafi upphaflega verið skráð í flokkinn 45.5.0, leiga á vinnuvélum með stjórnanda, sem hafi verið röng. Við breytingu á skráningarkerfi Ísat hafi skráningin breyst í flokkinn 43.99.0, önnur ótalin sérhæfð byggingarstarfsemi, sem sé einnig röng. Félagið starfi nær eingöngu við landbúnaðarstörf og var því óskað eftir að Ísat skráningu félagsins væri breytt úr 43.99.0, önnur ótalin sérhæfð byggingarstarfsemi, í 01.61.0, þjónustustarfsemi við ræktun nytjajurta.

#### 9.

Með bréfi, dags. 11. september 2012, sendi Neytendastofa Háls-taki svar Vélafjónustunnar Hálstaks.is ásamt fylgiskjölum og þeirra gagna sem Neytendastofa hafði aflað vegna skráningar Háls-taks hjá Fyrirtækjaskrá. Ekkert svar barst.

### III.

#### Niðurstaða

#### 1.

Mál þetta varðar notkun Tryggva Vals Sæmundssonar á auðkenninu Hálstak og skráningu og notkun lénsins halstak.is. Telur Háls-tak ehf. að notkunin sé ólögmat. Ekki var vísað til ákvæða laga í erindi Háls-taks en að mati Neytendastofu geta 5. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005, um eftirlit



með viðskiptaháttum og markaðssetningu, komið til álita í málinu. Í skýringum Tryggva Vals var til þess vísað að fyrirtækin væru ekki í samkeppni skv. atvinnuskrárflokkun Fyrirtækjaskrár og þar sem félag hans heiti Vélapjónustan Hálstak.is sé ekki hætta á ruglingi milli þeirra.

Í 5. gr. laga nr. 57/2005 kemur fram að óréttmætir viðskiptahættir séu bannaðir. Bannið gildi áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fara fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 sem er í V. kafla laganna, er svohljóðandi:

*„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“*

Í ákvæðinu felst almenn vernd auðkenna sem kemur til fyllingar á vörumerkjavernd. Fyrri málsliður 15. gr. a. hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Af lögskýringargögnum sést glögg að ákvæðið skiptir máli um viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veita auðkennum. Þar kemur einnig fram að í 2. másl. greinarinnar sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti. Þetta ákvæði tekur því til sömu auðkenna og almenna reglan í 1. másl. Þessi málsliður á við í þeim tilvikum sem báðir málsaðilar eiga rétt til auðkenna sinna og þarf þá að líta til þess hvort notkun þess sem seinna byrjaði notkun valdi ruglingshættu milli aðila.

Báðir aðilar hafa skráð auðkenni sín með þar til bærum hætti. Háls-tak á skráð firmað Háls-tak ehf. og Tryggvi Valur Sæmundsson á skráð orðmerkið Hálstak í flokknum byggingastarfsemi; vegagerð og lénið halstak.is. Þá hefur Tryggvi Valur notað heitið Vélapjónustan Hálstak.is á starfsemi sína. Neytendastofa telur báða aðila því eiga rétt til auðkenna sinna.

## 2.

Réttur til auðkennis getur stofnast annars vegar fyrir skráningu og hins vegar fyrir notkun. Meginreglan er sú að eigandi auðkennis öðlast einkarétt til nafnsins og er öðrum þar með óheimilt að nota það eða annað nafn sem líkist því svo mikið að ruglingshætta skapist. Ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 er einkum ætlað að vernda auðkenni gegn því að keppinautur noti annað auðkenni sem líkist því mikið. Við mat á ruglingshættu er litið til þess hvort málsaðilar



séu í samkeppni og hvort þeir séu á sama markaðssvæði. Til þess að njóta einkaréttar verður auðkennið að vera þess eðlis að það geti aðgreint eiganda auðkennis málsaðila eða vöru hans eða þjónustu frá keppinautum og takmarkast verndin því við að auðkennið sé ekki almennt orð og lýsandi fyrir þá vöru eða þjónustu sem málsaðili og keppinautar hans bjóða.

Orðið hálstak er ekki almennt orð í þeim skilningi sem aðilar þessa máls nota orðið enda vísar fyrri hluti heitisins í báðum tilfellum til aðseturs fyrirtækjanna og síðari til starfseminnar að mati Neytendastofu. Þá er orðið ekki að finna í íslenskum orðabókum en almenna notkunin á orðinu vísar til þess þegar tekið er um háls einhvers. Orðið eins það er notað í þessu máli hefur nokkurt sérkenni og telur Neytendastofa það ekki vera lýsandi fyrir starfsemi fyrirtækjanna en þó er það lýsandi fyrir staðsetningu þeirra.

Fram kemur í kvörtun að bæði fyrirtækin séu í verktakastarfsemi. Tryggvi Valur bendir hins vegar á að Háls-tak sé skráð hjá Fyrirtækjaskrá með þjónustustarfsemi við ræktun nytjajurta en starfsemi Vélþjónustunnar Hálstak.is sé leiga á öðrum ótöldum vélum og búnaði. Við nánari skoðun Neytendastofu á fyrrgreindri flokkun Fyrirtækjaskrár kemur í ljós að skráningu Háls-taks var breytt að frumkvæði félagsins í framangreindan flokk þar sem félagið starfi nær eingöngu við landbúnað og störf tengd því. Eru aðilar málsins því að mati Neytendastofu ekki keppinautar á markaði.

Í kvörtun kemur fram að ruglingur sé til staðar milli fyrirtækjanna. Í svari Tryggva Vals er ruglingi milli aðila mótmælt en fram kemur að nokkur símtöl hafi borist sem ætluð hafi verið Háls-taki en viðkomandi hafi verið þá leiðbeint á réttan aðila. Neytendastofa fær ekki séð að slíkur ruglingur sé þess eðlis að Neytendur komi til með að eiga viðskipti við rangan aðila. Þá er tilgangur með rekstri aðilanna ekki hinn sami og því miða þeir ekki að sama markhópi. Að mati Neytendastofu er ekki til staðar ruglingshætta skv. 2. málsl. 15. gr. a. laga nr. 57/2005.

Þá telur Neytendastofa að vísun beggja aðila í auðkennum sínum til staðsetningar valda því að heitin hafa sem slík lýsandi einkenni sem ekki sé hægt að horfa fram hjá þrátt fyrir að vísað sé til aðseturs starfseminnar en ekki starfseminnar sjálfrar.

Með vísan til alls ofangreinds telur Neytendastofa ekki ástæðu til að aðhafast frekar í málinu.



**IV.**

**Ákvörðunarorð:**

**„Ekki er ástæða til aðgerða af hálfu Neytendastofu í máli þessu.“**

Neytendastofa, 14. desember 2012

Tryggvi Axelsson  
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir